

Sorpsamlag Þingeyinga ehf
Víðimóar 2
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. ágúst 2012
Tilvísun: UST20120600070/edk


Staðfesting á úrbótum móttækin – máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf og eftirlitsskýrslu dagsetta 15. maí 2012 sem fjalla um eftirlit sem fram fór þann 10. nóvember 2011. Við eftirlit kom fram eitt frávik frá starfsleyfi en það varðar of hátt díoxínmagn í útblæstri sorpbrennslunar, en það mældist $0,71 \text{ ng/m}^3$ í mælingu sem fór fram í september 2011. Leyfileg losunarmörk fyrir díoxín í útblæstri er $0,1 \text{ ng/m}^3$ skv. ákv. 2.21 í starfsleyfi.

Þann 19. júní sl. bárust Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru 23. maí sl. Díoxín mældist þá $0,01 \text{ ng/m}^3$, eða vel innan losunarmarka. Þær aðgerðir sem rekstraraðili fór í til að draga úr magni díoxíns fólust í breytingum á hita- og hraðastýringu brennslukerfis, ásamt breytingu á hleðslu ofnanna og þá hefur notkun klórefna til sótthreinsunar gólfa verið hætt nema í undantekninga tilvikum. Umhverfisstofnun staðfestir hér með að þessar úrbætur teljast fullnægjandi og frávik íð sem fram kemur í eftirlitsskýrslu, dagsettri 15. maí sl. telst nú að fullu bætt.

Umhverfisstofnun minnir á að díoxín í útblæstri skal mæla tvisvar á ári með hæfilegu millibili og skv. því skal næsta mæling fara fram fyrir lok þessa árs. Umhverfisstofnun vil einnig minna rekstraraðila á að senda inn símæligögn fyrir árið 2011 eigi síðar en 15. september, líkt og óskað er eftir í bréfi dagsettu 11. júní sl.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra